



Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. <i>2.0</i>	K/S <i>3f. 8-18</i>
Ábmr. <i>[Signature]</i>	Svfr.
Afgr. <i>[Signature]</i>	( ) Bréf ( ) St.
Lvm.	Trm.

FÉLAG HÓPFERÐALEYFISHAFA  
STOFNAÐ 1966

Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Félagsheimilinu Árnesi  
801 Selfossi

Reykjavík, 23. ágúst 2018

Ágæti viðtakandi

Hjálagt er afrit bréfs Félags hóperðaleyfishafa til ráðherra samgöngumála d.u.s. yður til upplýsingar.

Virðingarfyllst

f.h. Félags hóperðaleyfishafa

*Björn Jón Bragason*

Björn Jón Bragason  
frkvstj.





FÉLAG HÓPFURÐALEYFISHAFA  
STOFNAÐ 1966

Hr. Sigurður Ingi Jóhannsson  
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra  
Sölvhólsgrötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. ágúst 2018

Efni: Vegna ólögmætra krafna Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga  
um rekstrarleyfissviptingu nokkurra hópfurðafyrirtækja

Heiðraði ráðherra

Félag hópfurðaleyfishafa, sem eru hagsmunasamtök hópfurðaleyfishafa um land allt, mótmæla þeirri háttsemi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga að krefjast þess að Samgöngustofa svipti nokkur hópfurðafyrirtæki, sem eiga aðild að Félagi hópfurðaleyfishafa, almennu rekstrarleyfi á grundvelli 27. gr. laga nr. 28/2017.

## 1. Flutningar á útsýnisstaði á hálendinu

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga byggja kærú sína á 7. gr. laga nr. 28/2017 um farþegaflutninga og farmflutninga á landi. Samkvæmt 1. mgr. þeirrar greinar getur Vegagerðin veitt tilteknum opinberum aðilum, í þessu tilfalli landshlutasamtökum sveitarfélaga, „einkarétt á að skipuleggja og sjá um reglubundna farþegaflutninga á tilteknum svæðum eða tilteknum leiðum eða leiðakerfum til að tryggja þjónustu sem varðar almannahagsmuni allt árið“.

Í athugasemdum í frumvarpi til laganna segir um 7. gr.:

„Með almannahagsmunum er átt við hagsmuni sem snerta borgara almennt og þjónustu sem hefur nauðsynlegan og lögmætan tilgang í hverju tilviki, svo sem ferðir til og frá vinnu og skóla, verslun, þjónustu, lækni, ættingja o.s.frv. Hins vegar eru reglubundnar ferðir til útsýnisstaða eða á viðurkennda ferðamannastaði utan þjónustusvæðis reglubundinna farþegaflutninga ekki hluti af almannahagsmunum og því eru slíkar ferðir ekki undirorpnar einkarétti samkvæmt lögum þessum.“

Þegar af þessari skilgreiningu á „almannahagsmunum“ má ljóst vera að flutningar farþega í útsýnisferðir í Þórsmörk (utan þjónustusvæðis „reglubundinna farþegaflutninga“) geta ekki fallið undir einkarétt í skilningi laganna jafnvel þó þær séu reglubundnar.

## **2. Þeir aðrir flutningar sem hér um ræðir.**

Um þá aðra flutninga sem hér um ræðir (aðra en útsýnisferðir í Þórsmörk og Landmannalaugar) er það að segja að þeir eru eingöngu með erlenda ferðamenn – ekki Íslendinga – og geta fyrirtækin sannað slíkt á grundvelli kreditkortafærslna. Þetta má líka sanna með færslum úr bókunarkerfum fyrirtækjanna – Íslendingar nýta sér ekki þessa þjónustu, enda er hún sniðin að þörfum erlendra ferðamanna.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga álíta að fyrirtækin séu í samkeppni um flutninga með Íslendinga um Suðurland, en því er ekki að heilsa. Hópfærðabifreiðar í umræddum flutningum taka ekki upp farþega á leiðinni á biðstöðvum Strætó bs.

## **3. Einkarétturinn er of víðtækur.**

Umrædd fyrirtæki aka ekki milli biðstöðva Strætó bs. á Suðurlandi, en í 1. tölulið 2. mgr. 7. gr. laganna segir um einkaréttinn sem Samtök sunnlenskra sveitarfélaga byggja málatilbúnað sinn á: „Þjónusta í reglubundnum farþegaflutningum á viðkomandi svæði og leiðum eða leiðakerfum sé nauðsynleg vegna almennrar efnahagslegrar þýðingar hennar og að hún verði ekki rekin á viðskiptagrundvelli svo að lágmarksþjónusta sé tryggð. Tryggt skal að samkeppni fái að halda sér á þeim svæðum og leiðum þar sem hún er þegar fyrir hendi.“

Um farþegaflutning á Suðurlandi má segja almennt að unnt hafi verið að tryggja lágmarksþjónustu með rekstri á viðskiptagrundvelli og því sé beinlínis óheimilt á grundvelli laganna að viðhafa einkarétt eins aðila á flutninga á viðkomandi svæði.

Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga er sem „skipuleggjanda almenningsgangna“ gefið of vítt svigrúm til að túlka hugtakið almenningsgangur og þá um leið skerða atvinnufrelsi, sem er varið af 75. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944. Dómstólar hafa um langan aldur gert strangar kröfur til takmarkana á atvinnufrelsi og kveðið á um að þær hvíli á skýrum lagaheimildum, sbr. orðalag 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrár. Ekki er heimilt að stjórnvaldi, í þessu tilfelli Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, sé veitt svigrúm til að túlka mögulega skerðingu á atvinnuréttindum. Í settum lögum verður að kveða skýrt á um mörk almenningsgangna og allur vafi í því efni túlkaður þeim fyrirtækjum í hag sem sinna fólksflutningum á umræddu svæði. Lögin taka ekki af öll tvímæli um það hvað felst í hugtakinu almenningsgangnum, eins og vikið var að hér að framan.

Í þessu sambandi er rétt að rifja upp það atvik þegar Samtök sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) fengu lögbann sett á bíl Sterna ehf. á þeim grundvelli að umræddir flutningar fælu í sér brot á einkarétti SSA. Allir farþegar voru reknir út úr bifreiðinni með lögregluvaldi. SSA tapaði málinu fyrir héraðsdómi og sá dómur var staðfestur í Hæstarétti (Hæstaréttardómur nr. 333/2013). Málareksturinn tók þó mörg misseri og í kjölfarið þurfti fyrirtækið að leggja fram háa skaðabótakröfu.

Einkarétturinn má heldur ekki samkvæmt 7. gr. laganna hafa skaðleg áhrif á samkeppni og er þar byggt Evrópureglugerð, nr. 1370/2007 (Regulation (EC) No 1370/2007 of the European Parliament and of the Council of 23 October 2007 on public passenger transport services by rail and by road and repealing Council Regulations (EEC) Nos 1191/69 and 1107/70). Ljóst má vera að með einkarétti til handa Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga er komið í veg fyrir samkeppni í flutningum um Suðurland.

#### **4. Út fyrir allt meðalhóf.**

Í 2. mgr. 27. gr. áðurnefndra laga segir: „Séu ríkar ástæður til að ætla að skilyrði fyrir sviptingu leyfis séu fyrir hendi og að töf á sviptingu geti haft almannahættu í för með sér er Samgöngustofu heimilt að svipta leyfishafa leyfi þegar í stað til bráðabirgða þar til endanleg ákvörðun í málinu hefur verið tekin.“ Engin almannahætta er hér uppi sem réttlætt getur leyfissviptingu.

Með kröfu um rekstrarleyfissviptingu er farið út fyrir allt meðalhóf, en í því sambandi vísast til 12. gr. stjórnáráðslaganna nr. 37/1993, þar sem segir: „Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.“

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hafa ekki kallað eftir neinum upplýsingum hjá fyrirtækjunum heldur krefjast þess að viðurlutamesta úrræði laganna sé beitt. Rétt er að taka fram að hér er enn meiri ástæða til varfærni en ella þar sem gengið er á mannréttindi, atvinnuréttindi sem njóta verndar 75. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944.

Félag hópferðaleyfishafa telur aukinheldur að það að veita lægra settu stjórnvaldi í þessu heimild til rekstrarleyfissviptingar, og þar með sviptingar mannréttinda, geti ekki staðist í ljósi þess hversu óljósar skilgreiningar eru á einkarétti Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. Allar skerðingar á mannréttindum verða að vera almennar og á grundvelli skýrra lagaheimilda. Því er ekki að heilsa í þessu tilviki.

#### **5. Nauðsynlegt fylgigagn vantar.**

Með bréfi Samgöngustofu til umræddra félagsmanna fylgir ekki það lögfræðialit sem Samtök sunnlenskra sveitarfélaga byggja ályktun sína á. Fyrirtækin geta ekki tekið afstöðu til málefnisins nema fá það gagn í hendur.

#### **6. Ofbeldi leysir engan vanda.**

Félag hópferðaleyfishafa fer þess hér með formlega á leit við ráðherra að hann hlutist til um að Samtök sunnlenskra sveitarfélaga láti af ólögum kröfum í garð hópferðafyrirtækja um rekstrarleyfissviptingu. Um er að ræða fyrirtæki sem sinna mikilvægu þjóðfélagslegu hlutverki við að afla dýrmæts gjaldeyris og skapa um leið atvinnu fyrir fjölda manns við

ferðaþjónustu á Suðurlandi. Ekki er við umrædd hópferðaflutningafyrirtæki að sakast vegna slaks gengis Strætó bs. á Suðurlandi og rekstrarvandi þeirra áætlunarflutninga verður ekki leystur með ofbeldi í garð framsækinna ferðaþjónustufyrirtækja.

Virðingarfyllst

f.h. Félags hópferðaleyfishafa

[sign]

Haraldur Teitsson formaður